



Minjasafn Austurlands

Ársskýrsla 2021



© Minjasafn Austurlands.

Öll réttindi áskilin.

Forsíðumynd: Sigrún Júnía Magnúsdóttir.

Útgefandi: Minjasafn Austurlands.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður útgáfu: Elsa Guðný Björgvinsdóttir.

Höfundar efnis: Elsa Guðný Björgvinsdóttir.

Egilsstaðir, 2022.

Efnisyfirlit

Formáli.....	3
1. Inngangur	4
2. Starfsmannamál	4
3. Störf stjórnar.....	4
4. Opnunartímar og aðgangseyrir	4
5. Rekstur og fjármál	5
6. Styrkir	6
7. Afhendingar, skráning, varðveisla, útlán, söfnun.....	7
7.1 Afhendingar og skráningar	7
7.2 Útlán gripa og notkun í útgáfu	7
7.3 Kjarvalshvammur	8
7.4 Skráning gripa í Lindarbakka á Borgarfirði eystri	9
8. Gestafjöldi og heimsóknir	9
9. Húsnæðismál	10
9.1 Viðbygging við Safnahús.....	10
10. Sýningar, viðburðahald og önnur miðlun.....	11
10.1 Grunnsýning	11
10.2 Örsýningar	12
10.3 Eyðibýli á heimaslóð	12
10.4 Öskupokamyndband	13
10.5 Skessur sem éta karla.....	13
10.6 Vegamót	14
10.7 Flóttaleikur á Dögum myrkurs	14
10.8 Jólaviðburðir, jólastofa, jóladagatal	15
10.9 Gripur mánaðarins	16
10.10 Samstarfsverkefni á sviði viðburðahalda og miðlunar	16
11. Markaðssetning og fjölmiðlaumfjallanir	16
12. Safnfræðsla.....	17
12.1 Skólaheimsóknir.....	17
12.2 BRAS.....	18
12.2.1 Valþjófsstaðahurðin - Sköpun í fortíð og nútíð.....	18
12.2.2 Þjóðsagna stop motion.....	19
12.2.3 Smíðjur á Minjasafni og á Lindarbakka.....	20
12.3 Samstarf við Tjarnarskóg og Hádegishöfða.....	20
12.4. Hreindýrið Hreindís í spæjaraleik	21
12.4 Hauksbókarsjóður	21
13. Samstarf, ráðgjöf, fundir og ráðstefnur.....	21
13.1 Ráðstefnur, fundir, ráðgjöf og seta í stjórnnum og starfshópum	22
13.2 Farskóli FÍSOS.....	22
13.3 Aðild að félögum	22
13.4 Ljósmyndasafn Austurlands	23
13.5 Tækniminjasafn Austurlands – þátttaka í endurskoðun og björgunarstörfum.....	23
14. Lokaorð	24

Formáli

Á árinu 2021 stóð safnafólk á Seyðisfirði frammi fyrir fordæmalausum verkefni sem fólst í að bjarga því sem bjarga mátti af safnkosti Tækniminjasafns Austurlands eftir að skriðan stóra féll á safnið í lok árs 2020. Í kjölfar þessara náttúruhamfara sýndi sig hverju samtakamátturinn getur áorkað og það sýndi sig líka í björgunarstörfunum á Tækniminjasafninu. Safnafólk um allt land var boðið og búið að aðstoða og til varð öflugur hópur sérfræðinga sem fór í margar ferðir á Seyðisfjörð til að aðstoða heimafélk við björgunarstörfin og leggja til sérþekkingu. Þarna sýndi sig hve mikill mannauður og þekking er til staðar á söfnum landsins. Starfsfólk Minjasafns Austurlands lét ekki sitt eftir liggja og tók virkan þátt í vinnunni sem fram fór á Seyðisfirði fyrstu mánuði ársins. Það var lærdómsríkt og gefandi að fylgjast með þessu öflugum samstarfi og fá að taka þátt í því þó tilefnið væri síður en svo ánægjulegt.

Á árinu 2021 stóð Austurbrú fyrir úttekt á safnastarfsemi á Austurlandi sem var liður í aðgerðum sem skilgreind voru í stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2018-2024. Megin niðurstaða þeirrar könnunar var að austfirsk söfn, setur og sýningar væru fjölmörg og fjölbreytt en einnig að þau líði fyrir fjárskort og séu undirmönnuð. Skýrslan sýnir að innan safnanna eru til staðar fjölmörg vannýtt tækifæri. Þó söfn séu fyrst og fremst vörsluaðilar menningararfsins þá eru þau líka menningarhús, menntastofnanir, og samkomustaðir heimafélks. Þá eru þau líka mikilvægur hluti af áfangastaðnum Austurlandi en rannsóknir sýna að stór hluti ferðamanna hefur áhuga á og vill heimsækja söfn. Á söfnunum eru nú þegar til staðar mannauður og innviðir sem hægt væri að byggja meira á í því sambandi. En söfnin starfa ekki í tómarúmi. Þau eru hluti af samfélaginu og þau þurfa stuðning og skýra stefnumótun til að blómstra. Full ástæða er til að hvetja eigendur safnanna til að setja sér skýra stefnu um málefni þeirra og efla þau þannig og styrkja til framtíðar, samfélaginu öllu til heilla.

Elsa Guðný Björgvinsdóttir, safnstjóri

1. Inngangur

Starfsemi Minjasafns Austurlands var umfangsmikil og fjölbreytt á árinu þó áhrifa kórónuveirufaraldursins hafi ennþá gætt þar innanhúss eins og annars staðar í samfélaginu. Fresta þurfti sumum viðburðum og aðlaga enn fleiri að gildandi samkomutakmörkunum hverju sinni. Áhersla var lögð á smærri sýningar úr safnkosti safnsins og einnig settar upp tvær farandsýningar. Þá voru stór safnfræðsluverkefni sett á laggirnar. Síðast en ekki síst settu aðgerðir í kjölfar skriðufallanna á Seyðisfirði svip sinn á starfið á árinu en Minjasafnið kom með margvíslegum hætti að þeim.

2. Starfsmannamál

Engar breytingar urðu á starfsmannamálum safnsins á árinu. Elsa Guðný Björgvinsdóttir var áfram safnstjóri í 100% starfi; Beata Brodowska gegndi stöðu sérfræðings á sviði varðveislu í 100% starfi og Eyrún Hrefna Helgadóttir var í 80% stöðu sérfræðings á sviði fræðslu og miðlunar. Egill Ari Hreiðarsson var ráðinn sem sumarstarfsmaður og sinnti gestamóttöku og safnvörslu í júní, júlí og ágúst. Rannveig Lóa Haraldsdóttir var ráðinn til að leysa af í gestamóttökunni um helgar yfir sumarið.

3. Störf stjórnar

Engar breytingar urðu á stjórn Minjasafns Austurlands á árinu. Þær Ásdís Helga Bjarnadóttir (formaður), Kristjana Björnsdóttir (varaformaður), Sigrún Blöndal (ritar) og Sigríður Þráinsdóttir sátu áfram í stjórn fyrir Múlaþing og Þórdís Sveinsdóttir fyrir Fljótsdalshrepps. Varamenn voru Jónína Brynjólfsdóttir, Dagur Skírnir Óðinsson og Björn Aðalsteinsson fyrir Múlaþing og Gunnar Jónsson fyrir Fljótsdalshrepp. Stjórn kom tvisvar saman á árinu og eru fundargerðir stjórnarfunda aðgengilegar á vef Minjasafnsins.

4. Opnunartímar og aðgangseyrir

Opnunartími safnsins var óbreyttur á árinu. Yfir vetrartímann var safnið opið þriðjudaga til föstudaga frá klukkan 11:00 til 16:00. Í júlí, júlí og ágúst var opið alla daga frá kl. 10:00-18:00. Allt árið var tekið á móti hópum utan auglýsts opnunartíma væri þess



Gestir á Minjasafni Austurlands. Mynd: Sigrún Júnía fyrir Minjasafn Austurlands

óskað. Aðgangseyrir var einnig óbreyttur á árinu. Almennt verð fyrir fullorðna var 1.500 kr. en frítt fyrir börn yngri en 18 ára. Námsmenn, öryrkjar og eldri borgarar greiddu 1.000 kr. Þá var handhöfum Austurlands-appsins veittur 30% afsláttur af miðaverði. Safnið tók á móti Ferðagjöfinni en gestir sem nýttu hana til að greiða fyrir aðgangseyri voru teljandi á fingrum annarrar handar.

5. Rekstur og fjármál

Rekstrartekjur Minjasafnsins á árinu 2021 voru rúmar 35,8 milljónir. Þar af voru framlög aðildarsveitarfélaga til reksturs safnsins 30 milljónir sem var í samræmi við áætlun. Styrkir til sérverkefna (önnur rekstrarframlög) námu 4,1 milljónum króna. Aðgangseyrir var rúmlega 1,3 milljónir en áætlun gerði fráð fyrir 1,5 milljónum. Aðrar tekjur voru rúmlega 300 þúsund. Samtals gerði áætlun ráð fyrir 32,5 milljónum í rekstrartekjur en styrkir til sérverkefna eru ekki inni þeirri tölu

Heildar rekstrargjöld ársins 2021 námu samkvæmt ársreikningi 49 milljónum en áætlun hafði gert ráð fyrir rúmum 44,4 milljónum. Þar af voru laun og launatengd gjöld rúmar 26,3 milljónir en áætlun hafði gert ráð fyrir 24,5 milljónum. Skýrist munurinn einn helst af því að ráða þurfti sumarstarfsfólk í hærra starfshlutfall en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Þá skal tekið fram að gjöld vegna sérverkefna eru inni í tölunni um rekstargjöld í ársreikningi en þau voru ekki tekin með í fjárhagsáætlun.

Fjárhagsáætlun ársins 2021 gerði ráð fyrir að niðurstaða rekstrarreiknings yrði tap upp á rúmar 11,9 milljónir króna sem skýrist af gjaldfærðri húsaleigu vegna Laufskóga 1 en umsamið kaupverð á fasteigninni (sem Fljótsdalshérað keypti árið 2013) greiðist með endurgjaldslausum afnotum Minjasafnsins af húsnæðinu. Rekstrarniðurstaða ársins var hins vegar neikvæð um 13,2 milljónir sem þýðir að tap af hefðbundnum rekstri var 1,3 milljónir króna. Af því er tæplega ein milljón tap frá árinu 2020. Þá er vert að taka fram að fyrirframinnheimtar tekjur námu tæpum 5,6 milljónum samkvæmt ársreikningi. Af því erum tæpar 2,4 milljónir rekstrarframlag frá Múlaþingi

vegna janúar 2022 sem greitt var í desember 2021 og 3,2 milljónir eru styrkir sem færðir voru til ársins 2022. Þar af eru þrjár milljónir fyrsta greiðsla öndvegisstyrks úr Safnasjóði sem nánar er fjallað um í kafla 9.1. Nánari upplýsingar um fjármál safnsins árið 2021 er að finna í ársreikningi sem aðgengilegur er á vef safnsins.

6. Styrkir

Minjasafn Austurlands fékk úthlutað tæpum sex milljónum króna í styrki á árinu. Styrkirnir voru til margvíslegra verkefna eins og listinn hér fyrir neðan ber með sér. Vert er að taka fram að hér eru tilgreindir þeir styrkir sem safnið fékk úthlutað á árinu en eitthvað var um að þeir væru síðan færðir til ársins 2022. Þá voru dæmi um að safnið fengi styrki frá árinu 2020 greidda út á árinu 2021 og eru þeir styrkir ekki með í þessum lista. Listinn samræmist því ekki tölum um styrki til sérverkefna í ársreikningi

Kjarvalshvammur (sjá nánar í kafla 7.3)

Húsfriðunarsjóður: 300.000 kr

Múlaþing: 200.000 kr.

Uppbyggingarsjóður Austurlands: 500.000 kr.

Safnasjóður: 300.000 kr.

Stafrænn gluggi að Minjasafni Austurlands (sjá nánar í kafla 11)

Safnasjóður: 300.000 kr.

Skráning muna á Lindarbakka II (sjá nánar í kafla 7.4)

Betri Borgarfjörður: 500.000 kr.

Valþjófsstaðahurðin – sköpun í fortíð og nútíð (sjá nánar í kafla 12.2.1)

Landsvirkjun: 300.000 kr.

Hreindýradraugur (verkefni frestað til ársins 2022)

Safnasjóður: 320.000 kr.

Múlaþing: 200.000 kr.

Síðast en ekki síst hlaut safnið átta milljóna króna öndvegissstyrk úr Safnasjóði til þriggja ára til uppbyggingar aðstöðu í nýrri viðbyggingu við safnahúsið og annarra verkefna í tengslum við framkvæmdirnar. Á árinu 2021 voru þrjár milljónir greiddar til safnsins en nýtingu styrksins var frestað til ársins 2022 þar sem framkvæmdir hófust ekki á árinu eins og gert hafði verið ráð fyrir í styrkumsókn (sjá nánar í kafla 9.1).

7. Afhendingar, skráning, varðveisla, útlán, söfnun

Umsýsla safnkostsins er eitt af meginverkefnum Minjasafnsins á hverjum tíma. Starfsfólk safnsins vinnur að því alla daga að skrá og ljósmynda gripi sem afhentir eru á safnið, bæta eldri skráningar, meta ástand safnkostsins og bæta varðveisluskilyrði.

7.1 Afhendingar og skráningar

Safnið tók á móti 221 grip á árinu sem komu til safnsins í 30 afhendingum. Meðal þess sem safnið tók á móti voru í kringum 60 gripir frá Tækniminjasafni Austurlands en þar var um að ræða gripi sem björguðust úr skriðunni í desember 2020 og forsvarsfólks Tækniminjasafnsins taldi að ættu betur heima á minjasafni en tækniminjasafni. Allir gripirnir sem bárust safninu voru ljósmyndaðir og skráðir í menningarsögulega gagnasafnið Sarp. Hægt er að nálgast upplýsingar um þá og aðra gripi Minjasafns Austurlands á Sarpur.is.

7.2 Útlán gripa og notkun í útgáfu

Munir sem áður höfðu verið teknir til sýninga utan Minjasafnsins voru það áfram á árinu. Munir sem tilheyrðu Vigfúsi Sigurðssyni frá Egilsstöðum í Fljótsdal voru áfram til sýnis á Óbyggðasetrinu í Fljótsdal, Heilbrigðisstofnun Austurlands á Egilsstöðum sýndi muni sem tengjast heilbrigðisþjónustu á Fljótsdalshéraði í biðstofu sinni og munir frá Minjasafninu voru til sýnis á Sómastöðum í Reyðarfirði en húsið tilheyrir húsasafni Þjóðminjasafns Íslands. Einnig voru munir frá Minjasafninu áfram til sýnis í Fjarðarselsvirkjun á Seyðisfirði á vegum Rarik og nokkrir munir á Eiðum á vegum Eiðavina. Þá voru af gripum úr safnkosti safnsins m.a. notaðar í námsefni sem gefið var út af Menntamálastofnun.

7.3 Kjarvalshvammur



Loftmynd af Kjarvalshvammi. Mynd: Gunnar Freyr fyrir Minjasafn Austurlands.


Minjasafn Austurlands hefur umsjón með sumarhúsi Jóhannesar Sveinssonar Kjarval sem stendur í landi Ketilsstaða í Hjaltastaðapinghá. Frá árinu 2018 hefur safnið staðið fyrir viðhaldi og endurbótum á húsinu og hélt sú vinna áfram á árinu. Sem fyrr var það Björn Björgvinsson húsasmíðameistari sem hafði yfirumsjón með verkinu.

Í fyrsta áfanga verkefnisins, árið 2018, var húsið híft af undirstöðum sínum, eldri undirstöður fjarlægðar og nýjar forsteyptar einingar settar undir húsið í staðinn. Mold sem var undir húsinu var skipt út fyrir mól og gert var við fótstykki, gólf og burðarvirki í gólfi. Sumarið 2019 var unnið að viðgerð á langhliðum hússins og stafni að baka til. Skipt var um fótstykki og hluta af stoðum vegna fúa. Þá var jafnframt gengið frá tryggum festingum við steypa undirstöðubita. Í þriðja áfanga framkvæmdanna, árið 2020, var haldið áfram með ytra byrði hússins eins og fjármagn leyfði. Áhersla var lögð á viðgerð á þaki og þakköntum og m.a. var skipt um þakplötur og þær færðar til upprunalegs horfs. Á árinu 2021 var lokið við að endurbyggja og styrkja framstafn hússins. Útiklæðning var fúavarin og máluð. Báðir gluggar voru teknir úr húsinu en þeir voru ónothæfir vegna fúa. Þeir verða endursmíðaðir í upprunalegri mynd. Sama er að segja um útidyrhurðina en hurðarskráin var send í viðgerð.

Sem fyrr var lögð áhersla á að breyta ekki ásýnd hússins á nokkurn hátt. Markmiðið með framkvæmdunum er fyrst og fremst að koma í veg fyrir frekari skemmdir og tryggja varðveislu hússins svo það megi áfram standa í hvamminum sem minnisvarði um listamanninn Jóhannes Kjarval. Framundan er að koma nýjum gluggum og hurð fyrir, ljúka við viðgerð á þakkkanti og mála vegg. Jafnframt þarf að huga að tröppum og öðru í kringum húsið. Við húsið stendur einnig bátaskýli sem geymir Gullmávin, bát Kjarvals. Þegar fram líða stundir þarf að huga að nauðsynlegum endurbótum á því auk þess að endurhugsa miðlun og upplýsingagjöf í hvamminum.

7.4 Skráning gripa í Lindarbakka á Borgarfirði eystri

Árið 2020 hlaut Minjasafnið styrk í gegnum byggðapróunarverkefnið Betri Borgarfjörður til að skrá munina sem tilheyra húsinu Lindarbakka á Borgarfirði eystri. Lindarbakki var byggður árið 1899 og eru hlutar hússins enn upprunalegir. Elísabet Sveinsdóttir (Stella á Lindarbakka) og eiginmaður hennar heitinn, Skúli Ingvarsson, keyptu húsið árið 1979 og nýttu sem sumardvalarstað. Lindarbakki er fyrir löngu orðið eitt helsta kennileiti á Borgarfirði enda er húsið mikil bæjarprýði. Sumarið 2020 afhenti Stella þáverandi Borgarfjarðarhreppi húsið formlega til eignar og í framhaldi af því var ákveðið að



Skýrslan sem var afrakstur fyrri hluta skráningarverkefnisins á Lindarbakka. Mynd: EHH.

Minjasafn Austurlands myndi útbúa heildstæða skrá yfir gripina í húsinu, með myndum og upplýsingum um uppruna þeirra og sögu. Lokið var við að skrá alla gripi íbúðarhússins á árinu 2021 og með því lauk fyrri hluta verkefnisins. Skráningarnar voru settar saman í skýrslu sem lá frammi í Lindarbakka um sumarið svo gestir og gangandi gætu glöggvað sig á gripunum og jafnvel komið með viðbótarupplýsingar. Á árinu fékk safnið síðan annan styrk frá byggðapróunarverkefninu Betri Borgarfjörður til að ljúka síðari hluta verkefnisins en hann felst í að skrá gripi sem tilheyra skemmu á lóð hússins. Eyrún Hrefna Helgadóttir, starfskona Minjasafnsins, fer fyrir verkefninu og hægt er að fylgjast með framvindu þess í máli og myndum á Facebook og Instagram.

8. Gestafjöldi og heimsóknir

Á árinu 2021 heimsóttu 2130 gestir Minjasafnið þegar allt er talið. Er það nokkur fjölgun frá árinu 2020 þegar heildarfjöldi gesta var 1900. Glögglega má sjá áhrif heimsfaraldursins á gestafjöldanum og samsetningu hans en erlendum ferðamönnum fjölgaði á ný og innlendum ferðamönnum fækkaði þó þeir væru enn fleiri en fyrir covid.

Árið 2021 voru almennir gestir safnsins 1500 talsins. Þar af voru erlendir ferðamenn 792 (713 fullorðnir og 79 börn) og innlendir gestir rúmlega 700 (421 fullorðnir og 287 börn). Erlendum ferðamönnum fjölgaði frá árinu áður þegar þeir voru

aðeins 418 en þeir voru þó langt frá því að ná fjöldanum sem heimsótti safnið fyrir covid (2019) þegar erlendir ferðamenn voru 1250. Innlendum gestum fækkaði frá árinu 2020 þegar þeir voru rúmlega 800 og voru nær fjöldanum frá árinu 2019 þegar þeir voru um 730. Hópar úr skemmtiferðaskipum sóttu safnið heim í meira mæli á árinu 2021 en undanfarin ár. Sú þróun er afar ánægjuleg og ljóst að framhald verður á henni næsta sumar.

Tæplega 540 börn fengu fræðslu frá safninu á árinu og þeim fylgdu ríflega 90 kennarar. Er það svipaður fjöldi og árið áður og ljóst að áhrifa heimsfaraldursins gætti enn í skólastarfinu. Nánar er fjallað um fræðslustarfsemi safnsins í kafla 12.

9. Húsnæðismál

Húsnæðismál safnsins voru að mestu óbreytt ár árinu. Safnið leigði áfram geymslurými af Múlaþingi undir hluta af safnkostinum en það rými er við Tjarnarás á Egilsstöðum. Að öðru leyti var Safnahúsið á Egilsstöðum meginvettvangur allrar starfsemi safnsins.

9.1 Viðbygging við Safnahús

Undirbúningur að nýrri viðbyggingu við Safnahúsið hélt áfram á árinu. Forsaga málsins teygir sig aftur til ársins 1999 þegar þáverandi ríkisstjórn ákvað að leggja fé til uppbyggingar menningarhúsa á landsbyggðinni. Í október 2016 skrifuðu Illugi Gunnarsson þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra og Björn Ingimarsson þáverandi bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs undir viljayfirlýsingu þess efnis að féð yrði nýtt í uppbyggingu Sláturhússins annars vegar og Safnahússins hins vegar. Samkvæmt yfirlýsingunni átti tillaga um fjárheimildir vegna verkefnisins að vera lögð fram sem hluti af fjárlagafrumvarpi ársins 2018. Sú varð hins vegar ekki raunin og fjárheimildirnar voru ekki hluti af fimm ára fjármálaáætlun sem þáverandi ríkisstjórn lagði fram í maí 2017. Í maí 2018 dró hins vegar til tíðinda að nýju þegar Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og Björn Ingimarsson undirrituðu samning sem fól í sér stofnframlag til fyrrnefndrar uppbyggingar á menningarhúsunum tveimur. Á árinu 2020 var skipuð byggingarnefnd yfir verkefnið og framkvæmdir hófust í Sláturhúsinu. Framkvæmdir við Sláturhúsið stóðu yfir allt árið 2021 en bið var á framkvæmdum við Safnahúsið. Forstöðufólk safnanna í safnahúsinu fundaði tvisvar með

byggingarnefndinni á árinu þar sem farið var yfir þarfir og væntingar til þess sem nýja viðbyggingin á að hýsa auk þess sem nefndin kom í eina heimsókn í Safnahúsið. Vonir standa til að vinna við hönnun nýrrar viðbyggingar hefjist á árinu 2022.

Minjasafnið hlaut á árinu átta milljóna öndvegisstyrk úr Safnasjóði til verkefnis sem kallað var Húsnæðisbylting Minjasafns Austurlands. Styrkinn, sem er til þriggja ára, er ætlunin að nýta til að byggja upp aðstöðu Minjasafnsins í nýrri viðbyggingu og koma til móts við kostnað við verkefni sem falla til vegna framkvæmdanna. Nýtingu styrksins var frestað til ársins 2022 þar sem verkefnið komst ekki eins langt á árinu 2021 og ráð hafði verið fyrir gert í umsókn.

10. Sýningar, viðburðahald og önnur miðlun

Eins og á svo mörgum öðrum sviðum samfélagsins gætti áhrifa heimsfaraldurs enn í sýninga- og viðburðahaldi á árinu 2021 þó hægt væri að blása til fleiri viðburða en árið áður. Fyrirhugað var að sumarsýning safnsins yrði sýning á verkum franska sjónlistamannsins François Lelong. Upphaflega hafði hann ætlað að sýna á safninu árið 2020 en því var frestað um ár vegna covid. Þegar til átti að taka komst hann ekki heldur til landsins á árinu 2021 og verkefninu því frestað um ár á nýjum leik.

10.1 Grunnsýning

Grunnsýning Minjasafnsins var óbreytt á árinu. Sýningin var sem fyrr tvískipt, annars vegar er þar um að ræða sýninguna Sjálfbær eining og hins vegar sýninguna Hreindýrin á Austurlandi. Á fyrrnefndu sýningunni er leitast við að sýna hvernig hvert íslenskt sveitaheimili þurfti að vera sjálfu sér nægt um brýnustu lífsnauðsynjar og þar eru til sýnis gripir sem tilheyra sögu gamla sveitasamfélagsins á Austurlandi eins og það var fram undir miðja 20. öld. Á sýningunni Hreindýrin á Austurlandi, sem opnuð var árið 2015 er fjallað um lífshætti og lífsbaráttu hreindýranna, hættur sem þau búa við af náttúru- og mannavöldum, rannsóknir á þeim, sögu hreindýraveiða og hvernig afurðir dýranna hafa verið nýttar í matargerð, handverki og hönnun.

10.2 Örsýningar

Fjórar örsýningar með gripum úr safnkosti safnsins voru settar upp í sýningarskáp á þriðju hæð Safnahússins á árinu. Fyrsta sýningin bar heitið Vetur. Þar voru til sýnis munir sem tengjast vetrinum og vetraríþróttum en skápinn prýddu einnig hinar ýmsu ljósmyndir frá Ljósmyndasafni Austurlands. Á sumardaginn fyrsta tók sýningin Sumar við í skápnum en eins og nafnið gefur til kynna voru þar til sýnis fjölbreyttir gripir sem tengja má sumrinu, t.d. leikföng, föt og útilegubúnaður frá ýmsum tímum. Um haustið var síðan skipt yfir í sýningu sem bar heitið Baðstofa en þar var að finna fróðleik um þennan miðpunkt gömlu torfbæjanna og muni þaðan. Í desember voru síðan til sýnis gripir út jóladagatali Minjasafnsins en nánar er fjallað um það í kafla 10.8.

10.3 Eyðibýli á heimaslóð



Frá sýningunni Eyðibýli á Heimaslóðum.
Mynd: EGB

Í mars var ljósmyndasýning Önnu Birnu Jakobsdóttur, Eyðibýli á heimaslóð, sett upp í Safnahúsinu. Sýningin var lokaverkefni Önnu frá Menntaskólanum á Egilsstöðum árið 2020 og eins og nafn sýningarinnar gefur til kynna var um að ræða ljósmyndir af og úr nokkrum völdum eyðibýlum á Austurlandi ásamt fróðleik um þau. Sýningin vakti verðskuldaða athygli og lífgaði mjög upp á vegg Safnahússins.

10.4 Öskupokamyndband

Undanfarin ár hefur Minjasafnið staðið fyrir öskupokasmiðjum í samstarfi við Soroptimista-klúbb Austurlands þar sem gestum og gangandi hefur boðist að læra að sauma öskupoka. Þar sem gildandi samkomutakmarkanir leyfðu ekki slíkar samkomur í aðdraganda öskudagsins árið 2021 var brugðið á það ráð að búa þess í stað til kennslumyndband þar sem nokkrar konur úr klúbbnum sýndu réttu handtökin. Myndbandið var síðan sett vef og samfélagsmiðla safnsins og fólk þannig hvatt til að viðhalda þeim sér íslenska sið að sauma öskupoka.



Frá gerð kennslumyndbands í öskupoka-gerð. Mynd: EGB

10.5 Skessur sem éta karla



Frá sýningunni Skessur sem éta karla. Mynd: EGB.

Á 17. júní var sýningin Skessur sem éta karla – mannát og feminismi opnuð á neðstu hæð Safnahússins. Sýningin var afrakstur rannsókna Dagrúnar Óskar Jónsdóttir þjóðfræðings sem hefur rannsakað mannát í íslenskum þjóðsögum. Á sýningunni var fjallað um hvernig mannátið birtist í þjóðsögunum og hvað það getur sagt okkur um samfélagið sem sögurnar tilheyra. Í rannsóknum sínum fléttaði Dagrún saman þjóðsögum og nútíma hugmyndum um feminisma og varpaði þannig ljósi á nýjar hliðar bæði á þjóðsögunum og ójafnrétti kynjanna. Niðurstöður Dagrúnar voru settar fram á veggspjöldum sem voru fagurlega myndskreytt með vatnslitamyndum Sunnevu Guðrúnar Þórðardóttur. Sýningin hefur verið sett upp víða um land, m.a. á Ísafirði, Hólmavík, Akureyri og Reykjavík.

10.6 Vegamót

Í maí stóðu Minjasafn Austurlands og Félag þjóðfræðinga á Íslandi fyrir ráðstefnu sem bar yfirskriftina Vegamót. Upphaflega var ætlunin að halda ráðstefnuna árið 2020 en vegna samkomutakmarkana var henni frestað til ársins 2021. Yfirskrift ráðstefnunnar vísaði til þess að þar mættist fólk víða að af landinu, áhuga- og fræðafólk og fólk sem sinnir margvíslegum rannsóknum.



Frá ráðstefnunni Vegamót sem fram fór í Valaskjálfi.
Mynd: EGB.

Þá vísaði yfirskriftin einnig til staðsetningarinnar á Egilsstöðum sem hafa í gegnum tíðina verið nefndir vegamót Austurlands.

Ráðstefnan hófst með móttöku í Minjasafni Austurlands þar sem ráðstefnugestir fengu m.a. kynningu á sýningum safnsins. Daginn eftir hófst dagskráin í Valaskjálfi þar sem fram fór tvær málstofur, annars vegar Byggðir og fólk og hins vegar Manneskjan, menningararfur og miðlun. Fyrirlesarar voru 12 talsins og voru umfjöllunarefnin afar fjölbreytt, allt frá þéttbýlismyndun á Egilsstöðum og tilfinningum í dagbókum á 19. öld yfir í kynbundið ofbeldi í íslenskum þjóðsögum og birtingarmyndir álfa og dvergna í tölvuleikjum. Að málstofunum loknum settist hópurinn upp í rútu og keyrði sem leið lá upp í Fljótsdal. Þar heimsótti hópurinn annars vegar Skriðuklaustur og hins vegar Óbyggðasetur Íslands og fékk að kynna starfsemi þeirra, sýningum og miðlun. Daginn eftir var aðalfundur Félags þjóðfræðinga haldinn og að honum loknum gengu nokkrir ráðstefnugestir á vit þjóðsagnanna við Fardagafoss áður en þeir héldu til síns heima. Ráðstefnan var í alla staði vel heppnuð og mikil ánægja með dagskrána.

10.7 Flóttaleikur á Dögum myrkurs

Menningarhátíðin Dagar myrkurs fór fram í lok október. Eins og áður þurfti að aðlagða dagskrá að gildandi samkomutakmörkunum og því reynt að bjóða upp á skemmtun og afþreyingu án þess að mikill mannfjöldi myndi safnast saman. Minjasafnið og Bókasafn Héraðsbúa buðu gestum upp á að spreyta sig á svokölluðum flóttaleik. Flóttaleikir eru samvinnuleikir þar sem þátttakendur þurfa að vinna saman og vera lausnamiðaðir til

að leikurinn gangi upp. Leikurinn er byggður upp á sömu hugmyndafræði og svokölluð flóttaherbergi (e. escape room) nema í þessu tilfelli þurftu þátttakendur ekki að komast út úr herbergi heldur að opna kassa sem er sérstaklega ætlaður í þessa leiki og söfnin fengu lánaðan úr Egilsstaðaskóla. Þátttakendur þurftu að leita að vísbendingum sem voru dreifðar um allt Safnahúsið og nýta þær til að leysa þrautir og opna lásana á kassanum. Nöfn þeirra sem náðu að opna kassann voru sett í pott og dregið um skemmtilega vinninga.



Ungur gestur spreytir sig á flóttaleik. Mynd: EGB.

10.8 Jólaviðburðir, jólastofa, jóladagatal



Frá jólastofu Minjasafnsins Mynd: EGB.

Aðventan var sem fyrr viðburðarík í Safnahúsinu en eins og oft áður á árinu þurfti að aðlagja viðburðahald að gildandi samkomutakmörkunum. Í stað þess að halda stóran jólaviðburð var ákveðið að freista þess að dreifa aðsókninni með því að hafa lengri opnun og frítt inn á safnið alla miðvikudaga í desember fram að jólum. Gestir gátu spreytt sig á jólasveinaratleik í sýningarsal Minjasafnsins og jólagetraun á Bókasafninu. Jafnframt var sett upp sérstök jólastofa í sýningarsal Minjasafnsins þar sem jólaandi liðinna ára sveif yfir vötnum.

Fyrirkomulagið gafst vel og var safnið vel sótt af fjölskyldufólki.

Eins og undanfarin ár var einnig talið niður til jóla með sérstöku jóladagatali á vef safnsins þar sem daglega var fjallað um einn grip úr safnkostinum. Gripirnir birtust jafnóðum í sýningarskápnum á þriðju hæð Safnahússins.

10.9 Gripur mánaðarins

Liðurinn Gripur mánaðarins hélt áfram göngu sinni á vef safnsins á árinu. Eins og nafnið gefur til kynna snýst hann um að kynna mánaðarlega einn grip úr safnkosti safnsins. Innleggjunum er deilt á samfélagsmiðlum safnsins og hægt er að skoða alla fyrrum gripi mánaðarins á vef safnsins undir liðnum fræðsla.

10.10 Samstarfsverkefni á sviði viðburðahalds og miðlunar

Minjasafnið tók þátt í hinum ýmsu samstarfsverkefnum á árinu. Meðal þeirra var verkefnið G-vítamín á þorra en þar var um að ræða átak á vegum Geðhjálpar þar sem verndandi þáttum geðheilsu var gefinn gaumur. Daglega var bent á aðgerðir sem létta lundina og var ein þeirra „að gleyma sér“. Heimsókn á safnið var nefnd sem dæmi um afþreyingu þar sem hægt væri að gleyma stað og stund og nokkur söfn opnuðu af því tilefni dyr sínar og buðu almenningi í heimsókn.

Annað samstarfsverkefni sem Minjasafnið tók þátt í var Alþjóðlegi safnadagurinn 18. maí. Að þessu sinni fór dagskráin að mestu fram á vefnum og tók starfsfólk Minjasafns Austurlands meðal annars að sér pistlaskrif í tilefni dagsins auk þess að taka yfir instagram-reikning verkefnisins í einn dag og sýna þar frá safninu og starfseminni.

Þá er Minjasafnið ein þeirra menningarstofnana sem sagt er frá á nýjum menningarvef fyrir börn sem List fyrir alla kom á laggirnar. List fyrir alla er verkefni á vegum menningamálaráðuneytisins með það að markmiði að miðla listviðburðum til barna og ungmenna um allt land. Á nýja vefnum má nálgast yfirlit yfir öll menningarhús, sýningar, söfn og setur sem miðla list og menningu til barna og ungmenna.

11. Markaðssetning og fjölmiðlaumfjallanir

Sýningar og viðburðir Minjasafnsins voru auglýstir með margvíslegum hætti. Safnið var m.a. auglýst í Kompási, Safnabókinni, Vegahandbókinni og á götukorti af Egilsstöðum og Fellabæ auk þess sem auglýsingar voru birtar á Facebook. Safnið var einnig hluti af sameiginlegu auglýsingaátaki safna í útvarpsauglýsingum RÚV og auglýsti þar einnig á eigin vegum. Allir viðburðir á vegum safnsins voru kynntir á vef og Facebook-

síðu safnsins og safnstjóri sagði einnig frá starfseminni í sérstöku hlaðvarpi þjóðfræðinga sem birtist hjá Kjarnanum.

Minjasafnið fékk styrk úr safnasjóði til stafrænna kynningarmála og var styrkurinn nýttur til að ráða Sigrúnu Júníu Magnúsdóttir, margmiðlunarhönnuð og ljósmyndara, til að taka ljósmyndir og myndbönd í sýningarsal safnsins til að miðla á samfélagsmiðlum og til að nota í öðru kynngarefni. Þá heimsótti ljósmyndarinn Gunnar Freyr safnið og Kjarvalshvamm á vegum Félags um sögutengda ferðapjónustu og tók þar myndir sem einnig verða nýttar í sama tilgangi.




Frá gerð kynningarefnis. Mynd: EGB.

12. Safnfræðsla

Safnfræðsla Minjasafnsins hélt áfram að vera stór og mikilvægur hluti af starfsemi safnsins. Áhrifa heimsfaraldurs gætti ennþá að einhverju leyti þegar kom að aðsókn skólahópa að safninu en ánægjulegt var að öll verkefni héldu þó áætlun og engum þurfti að aflýsa eins og árið áður.

12.1 Skólaheimsóknir



Nemendur í 3. bekk Egilsstaðaskóla vinna verkefni á safninu. Mynd: EGB.

Tæplega 540 nemendur fengu fræðslu á vegum Minjasafnsins á árinu sem er lítilsháttar fækkun frá fyrra ári þegar þeir voru 560. Fjöldinn var þó langt frá því sem hann var fyrir heimsfaraldur enda hafði veiran enn mikil áhrif á allt skólastarf á árinu. Nemendur leikskóla voru 188, grunnskólanemendur voru 335 og framhaldsskólanemendur 15. Meira var um að fræðslan færi fram í skólunum sjálfum en það fyrirkomulag er til þess fallið að jafna aðgengi nemenda að fræðslunni. Þessum nemendum fylgdu

yfir 90 kennarar. Sem fyrr komu langflestir nemendur úr skólunum á Fljótsdalshéraði og frá þeim skólum sem næst eru safninu.

12.2 BRAS

Safnið tók sem fyrr virkan þátt í Menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi (BRAS) sem fram fer í september og október ár hvert. Eftir að hafa þurft að aflýsa flestum viðburðum og smiðjum sem fram áttu að fara í tengslum við BRAS 2020 var afar ánægjulegt að geta aftur tekið þátt í þessari mikilvægu hátíð af krafti. Markmið BRAS er að gefa börnum á Austurlandi tækifæri til að skapa og upplifa listir í víðasta samhengi. Frá upphafi hátíðarinnar hefur Minjasafnið nýtt þetta tækifæri til fræðslu um menningararfinn í gegnum skapandi vinnu. Árið 2021 bauð Minjasafn Austurlands grunnskólunum í Múlaþingi upp á tvær smiðjur (sjá kafla 12.2.1 og 12.2.2) Áður hafði safnið einbeitt sér að skólum á Fljótsdalshéraði og á Borgarfirði en eftir sameiningu sveitarfélanna sem mynda nú Múlaþing, teygðu smiðjurnar sig um allt nýja sveitarfélagið. Einnig var boðið upp á opnar fjölskyldusmiðjur fyrir almenning á Egilsstöðum og á Borgarfirði (sjá kafla 12.2.3).

12.2.1 Valþjófsstaðahurðin - Sköpun í fortíð og nútíð

Í tengslum við BRAS bauð Minjasafn Austurlands nemendum á miðstigi í grunnskólum Múlaþings upp á smiðju sem bar heitið Valþjófsstaðahurðin – sköpun í fortíð og nútíð. Markmið verkefnisins var fyrst og fremst að fræða nemendur um Valþjófsstaðahurðina og tengsl hennar við Austurland en hurðin er einn af lykilgripunum á grunnsýningu Þjóðminjasafns Íslands, Þjóð verður til. Útbúið var námsefni um hurðina sem kennarar lögðu fyrir nemendur til að kynna sögu hennar og verkefnið. Safnið fékk svo listakonurnar Rán Flygenring og Elínu Elísabetu Einarasdóttur í lið með sér og þær stóllur heimsóttu alla grunnskólana sem



Rán Flygenring og Elín Elísabet í heimsókn í Seyðisfjarðarskóla. Mynd: RF.

tóku þátt með upprúllaða mynd af Valþjófsstaðahurðinni í fullri stærð undir hendinni. Í skólunum settu þær upp smiðjur þar sem þær rýndu með nemendum í myndmál hurðarinnar og nemendur nýttu það svo sem innblástur til að skapa teiknimyndasögur. Egilsstaðaskóli, Fellaskóli, Grunnskólinn á Borgarfirði og Seyðisfjarðarskóli þáðu boð um að taka þátt í verkefninu. Verkefnið heppnaðist afar vel og mikil ánægja með það meðal allra sem að komu.

12.2.2 Þjóðsagna stop motion



Nemendur Fellaskóla vinna að gerð hreyfimyndar.
Mynd: EHH.

Undanfarin ár hefur Minjasafnið boðið grunnskólunum á starfssvæði sínu upp á smiðjur í tengslum við BRAS þar sem þjóðsagnaarfurinn hefur verið til umfjöllunar. Áfram var haldið með það verkefni á árinu og öllum skólum í Múlaþingi boðið að taka þátt. Þetta var í þriðja sinn sem Minjasafn Austurlands bauð upp á þessar smiðjur en árið 2020 varð lítið úr þeim vegna heimsfaraldurs. Markmiðið með smiðjunum var að

kynna þjóðsagnaarfinn fyrir nemendum í gegnum skapandi vinnu. Nemendur fengu fræðslu um þjóðsögurnar og bjuggu síðan til hreyfimynd (e. stop motion) eftir sögu að eigin vali. Náms efni minjasafnsins um Sigfús Sigfússon, þjóðsagnasafnara frá Eyvindará var lagt til grundvallar en kennarar völdu sjálfir að hve miklu leyti nemendur unnu með efnið áður en þeir mættu í smiðjurnar. Brúararásskóli, Egilsstaðaskóli og Fellaskóli tóku þátt í verkefninu að þessu sinni. Sumir hópar komu í heimsókn á safnið og unnu sínar myndir þar á meðan aðrir völdu að vinna verkefnið í skólunum. Ekkert skorti á sköpunarkraftinn og ímyndunaraflið og urðu myndirnar hver annarri frumlegri og skemmtilegri en þær voru síðan sýndar á skjá á þriðju hæð Safnahússins.

12.2.3 Smiðjur á Minjasafni og á Lindarbakka

Auk þess að bjóða skólunum upp á að koma með nemendur í smiðjur bauð safnið upp á tvær opnar smiðjur fyrir almenning í tengslum við BRAS. Í ár voru náttúra og umhverfisvernd þema hátíðarinnar og af því tilefni bauð safnið upp á tvær smiðjur fyrir börn og fjölskyldur þeirra þar sem opin efniviður og skapandi hugsun var í fyrirrúmi. Í smiðjunni var horft til



Fjöldi fólks lagði leið sína að Lindarbakki, byggði bú og þáði lumur. Mynd: EHH.

fortíðar, leitað fanga í gullabúum barna fyrri tíma og gestum boðið upp á að leika og skapa með sjálfbærum, umhverfisvænum og endurnýttum efnivið. Fyrri smiðjan fór fram í garðinum við Lindarbakka á Borgarfirði eystra. Þar gafst gestum einnig kostur á að skoða húsið og gæða sér á ilmandi lummum sem steikar voru í eldhúsinu. Seinni smiðjan fór fram við Safnahúsið á Egilsstöðum. Sýningar safnsins voru einnig opnar og börnum boðið að skoða og leika sér í krakkahorni safnsins. Í báðum smiðjum naut starfsfólk safnsins aðstoðar Bryndísar Snjólfsdóttur við skipulagningu og framkvæmd.

12.3 Samstarf við Tjarnarskóg og Hádegishöfða

Safnið hélt áfram samstarfi sínu við leikskólann Tjarnarskóg sem felst í því allir nemendur úr næst elsta árgangi skólans koma í fjórar heimsóknir á safnið yfir veturinn. Í hverri heimsókn er tekið fyrir ákveðið þema, þ.e. húsakynni fólks í gamla daga; klæðnaður, matur og leikir barna. Í heimsóknunum er lögð áhersla á að kynna fyrir nemendum þær umgengnisreglur sem gilda á söfnum og leyfa þeim að snerta og prófa sjálf eins og hægt er. Þá hefur skapast sú hefð að safnkennari safnsins heimsæki leikskólann Hádegishöfða á þorranum og bjóði þar upp á fræðslu um þorran, hefðir í kringum hann og fleira.

12.4. Hreindýrið Hreindís í spæjaraleik



*Hreindís í spæjaraleik.
Teikning: HrafnSunna Ross*

Árið 2020 var hreindýrið Hreindís kynnt til leiks á Minjasafninu en þar er um að ræða fígúru sem tekur á móti börnum sem heimsækja safnið. Það ár var útbúin krakkaleiðsögn sem samanstendur af litlum upplýsingaspjöldum þar sem Hreindís fræðir börnin á aðgengilegan hátt um það sem fyrir augu ber. Á árinu 2021 var Hreindís sett í spæjarabúning og útbúinn sérstakur spæjaraleikur þar sem börnin fá í hendur myndir af ýmsum gripum í sýningarsalnum sem þau eiga svo að finna. Leikurinn vakti mikla lukku, bæði hjá yngri og eldri kynslóðinni. Hreindýrið Hreindís er teiknað af listakonunni HrafnSunnu Ross.

12.4 Hauksbókarsjóður

Hauksbókarsjóður, sem er í umsjá Minjasafnsins og Bókasafns Héraðsbúa, veitti eins og undanfarin ár nemendum sem útskrifuðust af listnámsbraut Menntaskólans á Egilsstöðum hvatningarverðlaun sjóðsins. Sjóðurinn er minningarsjóður um Hauk Stefánsson listmálara frá Rjúpnafelli í Vopnafirði og er hlutverk hans að efla myndlist á Austurlandi með viðurkenningum og bókagjöfum. Á árinu 2021 útskrifuðust alls átta nemendur af listnámsbraut Menntaskólans á Egilsstöðum. Það voru þær Bríet Sigurjónsdóttir, Elfur Gígja Hreggviðsdóttir, Heiða Rós Björnsdóttir og Líney Petra Hugadóttir. Allar fengu þær að gjöf bókina Haukur Stefánsson, sem gefin var út af fjölskyldu listamannsins í tilefni af sýningu á verkum hans í Listasafninu á Akureyri árið 1995.

13. Samstarf, ráðgjöf, fundir og ráðstefnur

Starfsfólk safnsins reyndi eftir megni að sækja flesta þá fundi og ráðstefnur sem tengdust á einhvern hátt starfsemi safnsins og hlutverki þess. Þá lagði starfsfólk sitt af mörkum í björgunarstörfum á Tæknminjasafninu á Seyðisfirði í kjölfar aurskriðunnar í desember 2020.

13.1 Ráðstefnur, fundir, ráðgjöf og seta í stjórnnum og starfshópum

Safnstjóri Minjasafnsins átti sæti í nokkrum stjórnnum og starfshópum á árinu og tók jafnframt þátt í margvíslegum fundum og ráðstefnum fyrir hönd safnsins. Safnstjóri var kjörinn í stjórn FÍSOS, Félags Íslenskra safna og safnmanna og situr þar sem varaformaður. Þá var safnstjóri áfram annar tveggja fulltrúa Safnaráðs í Minjaráði Austurlands sem heyrir undir Minjastofnun og tók einnig þátt í rýnihópi minjaráða vegna stefnumótunar um vernd byggingararfs og fornleifarannsóknir. Þá sat safnstjóri áfram í samráðshópi um Daga myrkurs sem skipaður var í kjölfar málþings um framtíð hátíðarinnar árið 2019 og í vinnuhópi sem hafði það hlutverk að endurskoða faglegan og rekstrarlegan grundvöll Tækniminjasafns Austurlands en nánar er fjallað um störf hópsins og aðkomu Minjasafnsins að málefnum Tækniminjasafnsins í kafla 13.5. Þá var safnstjóri skipaður í ritnefnd Múlapings. Á meðal þeirra funda og ráðstefna sem safnstjóri sat á árinu má nefna safnstjórafundi þar sem safnstjórar menningarminjasafna réðu ráðum sínum; haustfund höfuðsafnanna og fleira.

13.2 Farskóli FÍSOS

Hinn árlegi Farskóli FÍSOS, Félags Íslenskra safna og safnmanna, fór fram í Stykkishólmi í október. Þema skólans í ár var Áföll og ábyrgð: Raddir framtíðarsýnar og var meðal annars fjallað um náttúru- og loftslagsvá í tengsum við verndum menningararfsins. Farskólinn er fagráðstefna íslensks safnafólks og einn helsti vettvangur endurmenntunar starfsmanna. Þar kemur safnafólk af öllu landinu saman, lærir hvert af öðru og fræðist um það sem er efst á baugi í safnaheiminum í fjölbreyttum fyrirlestrum og málstofum. Síðast en ekki síst fer þarna fram árshátíð félagsins. Allt starfsfólk Minjasafns Austurlands sóttu farskólann að þessu sinni. Á næsta ári verður Farskólinn haldinn á Austurlandi undir stjórn Minjasafns Austurlands, Tækniminjasafns Austurland og Safnastofnunar Fjarðabyggðar.

13.3 Aðild að félögum

Minjasafnið var áfram aðili að Félagi Íslenskra safna og safnmanna (FÍSOS). Þá var safnið einnig áfram aðili að Þjónustusamfélaginu á Héraði en það eru samtök stofnana, fyrirtækja og ferðaþjónustuaðila á svæðinu sem hafa það markmið að efla

upplýsingagjöf og þjónustu við íbúa og ferðamenn. Safnið var einnig áfram í Félagi um sögutengda ferðaþjónustu en samtökin eru samráðsvettvangur aðila sem stunda söguferðaþjónustu á Íslandi, einkum hvað varðar markaðssetningu, gæði og fagmennsku.

13.4 Ljósmyndasafn Austurlands

Safnið var áfram aðili að Ljósmyndasafni Austurlands sem er sérstök deild innan Héraðsskjalasafns Austfirðinga og hefur það umsjón með rekstri þess og verkefnum. Ljósmyndasafnið geymir í kringum 80 þúsund myndir en allar ljósmyndir sem berast Minjasafninu eru varðveittar þar. Minjasafnið veitir fé til reksturs Ljósmyndasafnsins að einum þriðja á móti Héraðsskjalasafninu og Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi.

13.5 Tækniminjasafn Austurlands – þátttaka í endurskoðun og björgunarstörfum

Í byrjun árs 2021 stóð Tækniminjasafn Austurlands á Seyðisfirði frammi fyrir gríðarlega stóru og fordæmalausum verkefni sem snérist um að fara í gegnum þá gripi sem björguðust úr skriðunni miklu sem féll á hluta safnsins í lok árs 2020. Strax þá kom Minjasafnið á framfæri vilja til að aðstoða við björgunarstörfin eins og kostur væri. Nokkrum dögum eftir að skriðan féll tók starfsfólk Minjasafnsins og Héraðs-



Frá vinnustofu um framtíð og stefnu Tækni-minjasafn Austurlands sem Minjasafn Austurlands tók þátt í. Mynd: EGB.

skjalasafns Austfirðinga á móti ljósmyndum og skjölum sem björguðust úr skriðunni og á næstsíðasta degi ársins fór safnstjóri á staðinn sem fulltrúi Þjóðminjasafnsins til að taka út björgunarstörfin. Árið 2021 hófst síðan með því að settur var saman björgunarhópur sérfræðinga á sviði minjavörslu og forvörslu undir forystu Þjóðminjasafns Íslands sem hafði það hlutverk að fara í gegnum munina sem bjargað hafði verið úr skriðunni, kanna ástand þeirra, forverja og koma í öruggt skjól. Einnig þurfti að tæma byggingar safnsins sem sloppið höfðu við skriðuna en voru á



Beata og Elsa Guðný, starfskonur Minjasafns Austurlands við störf á Seyðisfirði. Mynd: IÁ.

hættusvæði. Starfsfólk Minjasafnsins tóku þátt í þeirri vinnu auk þess að leggja til búnað og aðstöðu eins og þörf var á hverju sinni.

Auk þess að taka þátt í björgunarstörfum sat safnstjóri áfram í starfshópi sem settur hafði verið saman í byrjun árs 2020 sem hafði það hlutverk að endurskoða faglegan og rekstrarlegan grundvöll Tækniminjasafnsins. Forsendur þeirrar vinnu breyttust augljóslega nokkuð í

kjölfar skriðunnar en hópurinn starfaði áfram og vann ásamt starfsfólki Tækniminjasafnsins að heildarendurskoðun á stefnu og starfsemi þess. Meðal þess sem hópurinn tók þátt í var tveggja daga vinnustofa um framtíð og stefnu safnsins þar sem hópur fólks sem tengist safninu og samfélaginu kom saman til að leggja línur. Vinnu starfshópsins verður haldið áfram á næsta ári.

14. Lokaorð

Þegar fyrstu kórónuveirusmitin greindust hér á landi héldu flestir að í hönd færi nokkurra vikna tímabil með samkomutakmörkunum og sérstakri aðgæslu. Sú reyndist ekki raunin heldur vofði veiran yfir mánuðum saman. Segja má að farið hafi að sjást til sólar á árinu 2021 og með sveigjanleika og aðlögunarhæfi var hægt að endurvekja verkefni sem legið höfðu í dvala og blása til fleiri viðburða. Það er erfitt og þreytandi til lengdar að skipuleggja viðburði og menningarstarfsemi með það á bak við eyrað að ef til vill verði að aflýsa öllu saman ef aðstæður í þjóðfélaginu breytast. Vonandi munum við ekki þurfa að glíma við þessar aðstæður aftur í bráð.

Á Minjasafni Austurlands tókst að halda úti fjölbreyttri starfsemi þrátt fyrir veiruna og gestafjöldi steig í áttina að því sem hann var fyrir heimsfaraldur. Þá tók starfsfólk safnsins þátt í mörgum gefandi og lærdómsríkum samstarfsverkefnum, ekki síst á vettvangi Tækniminjasafns Austurlands á Seyðisfirði.

Framundan eru fjölbreytt verkefni á sviði sýninga og viðburða. Sumarsýning Minjasafns Austurlands verður sýning á verkum franska sjónlistamannsins François Lelong en heimsókn hans hefur staðið til síðan fyrir covid. Þá hafa viðurkenndu söfnin

á Austurlandi auk Héraðsskjalasafns Austfirðinga hafið undirbúning að því að kanna hvort sameiginlegt varðveisluhús á Austurlandi sé fýsilegur kostur og Farskóli safnmanna verður haldinn á Hallormsstað haustið 2022 undir stjórn austfirsks safnafólks. Vonandi mun vinna við hönnun nýrrar viðbyggingar við Safnahúsið einnig fara á fullt á árinu en ljóst er að því munu fylgja mörg verkefni fyrir starfsfólk safnsins. Meðfram þessu mun starfsfólkið áfram sinna öðrum verkefnum á sviði varðveislu, rannsókna, fræðslu og miðlunar af fagmennsku og metnaði eins og undanfarin ár.